

Skilalýsing - 20 fm ferðapjónustuhús

Meðfylgjandi húsinu

Þar sem þetta ferðapjónustuhús er ætlað sem gestahús og er undir hæð (3,5m) og fermetrafjöldi (undir 40 fm) fyrir slík smáhýsi þá fylgja því ekki fullar byggingarnefndar teikningar þar sem ekki á að þurfa að skila inn slíku. Einnig fylgja því ekki iðnmeistara undirskriftir. Það sem fylgir húsinu hins vegar eru undirritaðar verkfræði teikningar af sniði og lámurksburðarþoli ásamt hugmynd að grunni og festingum. Ásamt því fylgir skráningartafla frá arkitekt þar sem kemur fram snið hússins. Einnig er meðfylgjandi húsinu USB lykill fyrir byggingarfulltrúa svæðisins þar sem hann getur séð alla krítiska þætti í ferlinu eins og festingar, rakavarnarlag og þakfrágang.

Frágangur hússins - burðarvirki

- Gólf er frágengið og klárt á þremur 2x45x220 dregurum. Gólfframminn er byggður úr 45x145 timbri cc 50 cm. með lausholtum cc 120 cm. Á milli dregara og gólfamma er gólfíð lokað af með tvöföldum þakpappa og músaneti. Að innan er gólfíð fyllt með 15 cm steinull, rakavarnarlagi og klætt með 18 mm nótuðum krossvið.
- Útveggir eru byggðir úr 45x95 mm með einfaldri reim að neðan og tvöfaldri að ofan. Lausholt eru cc 60. Þaksperrurnar eru úr 45x145 mm timbri settum saman með krossviðarlöskum og togbandi. Ytra byrgði veggstoða er klætt með 9 mm krossvið, 21x45 mm lektum og að síðustu 22 mm bandsöguð timburklæðning. Veggir eru tengdir við gólf með 12 mm frönskum skrúfum í gegnum bmf vinkla sem eru negldir í veggstoðir með 6 stk 4/40 bmf saum.
- Gluggar eru timburgluggar með tvöföldu 4 mm gleri með argon K.
- Hurð er timbur flekahurð með glugga, tvöföldum þakningum og þriggja punkta Assalæsingu.
- Þaksperrurnar eru klæddar með borðaklæðningu 25 x150 mm. Þar næst Isola Dglass þakpappa og að síðustu Alusink báruþakjárn.
- Þak er frambyggt um 1,5 metra og haldið uppi með 95 x 95 timbri fest við dregarana sem ná fram fyrir húsið. Húsinu fylgir pallur sem nær 2,5 m út frá húsinu með 120 cm háum skjólveggjum með tvöföldu byrgði.
- Undir þakskyggni klætt með 15 mm timburklæðningu.
- Engar þakrennur eru á ferðapjónustuhúsinu.
- Vegghæð hússins eru 2,5 m.
- Á bakhlið hússins er lítill kassi þar sem í er rafmagnstafla og 100 ltr hitakútur.

Framhald á næstu bls.

Frágangur hússins - að innan

- Á innra sperrubyrgði er rakavarnarlag, næst rafmagnslektur og að síðustu 12 mm furupanell.
- Rafmagnsefni er frá Merten.
- Á gólfi er nýðsterkt vínillparket en drapplitaður vínildúkur (öryggisdúkur) á baðherbergi.
- Á baðherberginu er veggghengt wc, veggfestur skápur með handlaug með blöndunartækjum. Fyrir ofan vask er lítill speglaskápur. 80 x 80 cm heill sturtuklefi. Á veggjum og lofti er panill sem búið er að lakka eina umferð til að verja fyrir raka.
- Vifta er í loftinu fyrir ofan sturtu.
- Hvít rennihurð er á baðherberginu.
- Í alrýminu er lítill hvít eldhúsinnrétting með vaski, litlu helluborði, efri skápum og plássi fyrir lítinn ísskáp.
- Þrír rafmagnsofnar eru í húsinu. Einn inn á baði og tveir í alrými.

Hafðu samband til þess að fá verðtilboð.

Fríða Stefánsdóttir

www.reisum.is

reisum@reisum.is

Sími: 464 1202 / 899 0913